

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/848**  
**komudagur 3.12.2012**

nefndasvid@althingi.is  
Atvinnuveganefnd .

dags. 03.12.2012

Athugasemdir vegna „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (deildir í veiðifélögum). Þingskjal 466,390. mál.

Við undirrituð hjónin Ása Einarsdóttir og Ólafur J Bjarnason sættum ákæru fyrir ólöglega veiði í Tungufljóti hinn 4.júlí 2010, þrátt fyrir að hafa skv. fundargerð Veiðifélags Árnesinga haft heimild til veiðanna árið 2010,eins og lesa má má í fundargerð VÁ. 21. apríl 2009 11.lið fundargerðarinnar svohljóðandi:

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga **haldinn að Þingborg 21. apríl 2009 samþykkir að árið 2010 sé félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september**, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar innan þeirra marka sem lög um lax-og silungsveiði setja. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn. Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Daglegur veiðitími staðbundins silungs frá kl. 8-21.

Um þessa veiðitilhögun spurði Vilhjálmur Einarsson sérstaklega á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga Á 2010. Voru þá ekki bornar neinar brigður á að þessi samþykkt væri í fullu gildi.

Af þessum sökum og dómi yfir okkur, S521 / 2010, teljum við okkur að nokkru leyti vera ástæðuna fyrir tilurð þessara ráðgerðu lagabreytinga. Saga þessa máls er rakin á [www.tungufljot.is](http://www.tungufljot.is)

Upphafið er þannig að stofnað er annað veiðifélag árið 1972 efst á vatnasvæði Veiðifélags Árnesinga, þ.e.a.s. Faxi, veiðifélag. kt. 410775-0699. Það veiðifélag var síðan fellt niður úr fyrirtækjaskrá þann 30. ágúst 1990.

Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga í apríl 2011 upplýsir Gunnar Briem fundinn um það og lét formann veiðifélagsins hafa staðfestingu þess efnis að þetta félag væri ekki til og bæri að skrá þær jarðir sem voru í því félagi inn í Veiðifélag Árnesinga lögum samkvæmt.

Nokkru áður hafði hann upplýst lögmann lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu um það sama.

Í kjölfar þessa er svo allt í einu boðað til aðalfundar í þessu aflagða félagi, Veiðifélaginu Faxe þann 23. maí 2011 í fyrsta sinn síðan 26. ágúst 2004. Á aðalfundinum eru samþykktar nýjar samþykktir þar sem ein jörð, Bergstaðir er felld úr félaginu, en það voru einmitt landeigendur á Bergstöðum sem voru dæmdir til refsingar hjá Héraðsdómi Suðurlands fyrir að stunda stangveiði fyrir sínu eigin landi. Þessi jörð er eftir sem áður skráð í arðskrá félagsins.

Síðan er haldinn framhaldsaðalfundur þann 7. september 2011. Í fundargerð þess fundar kemur fram m.a. að eldri ákvörðun frá 2004 um arðgreiðslur var framkvæmd.

Einnig að ársreikningar árána 2004-2010 sem áritaðir hafa verið af skoðunarmönnum félagsins hafi verið samþykktir samhljóða.

Samþykkt var tillaga stjórnar um að greiða kr. 17.400 á einingu nú.

Ekki voru boðaðir á þennan framhaldsaðalfund, landeigendur Bergstaða, sem felldir voru úr félaginu á aðalfundinum 23. maí.

Samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber að halda aðalfundi í veiðifélögum ár hvert.

Það varðar refsingu að hlíta ekki settum reglum um veiðifélög. Fiskistofa sendir samþykktir Veiðifélagsins Faxa til birtingar í stjórnartíðindum í september 2011. Í kjölfar þess krefjast landeigendur á Bergstöðum þess að Fiskistofa leiðrætti þessar samþykktir og setji jörðina inn aftur. Þessu hafnar Fiskistofa með þeim orðum að hún leggi ekki mat á deilur um landamerki, slíkt sé verkefni dómstóla. Fiskistofa hefur samt ekki tilkynnt um neina breytingu á umdæmi þessa veiðifélags. Hér er vert að geta þess að til eru þinglýst landamerkjabréf um Bergstaði og Drumboddsstaði frá 8. og 6. Júní 1885 og ber landamerkjum á milli þeirra jarða saman um stefnu í Vatnsleysufoss. Á meðan ekki koma fram yngri bréf en þessi þá gilda landamerkin.

Í 38. gr. laga nr. 61/2006 segir svo:

"Fiskistofa skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði. Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags, en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi."

Það er erfitt að átta sig á hvernig eftirlitsaðila með framkvæmd laga þessara er stætt á því að samþykkja brottrekstur félagsmanns, sem er samt skylt að vera félagsmaður að viðlagðri refsingu samkvæmt 50. gr. laganna. Þetta vekur upp spurningar um hvort samningar, sem gerðir voru árið 2003 í nafni þessarar kennitölu, og hafa fallið undir hugtakið "umboðssvik" hingað til, verði kannski allt í einu löglegir. Hverjir verða skaðabótaskyldir vegna þessarar aðgerðar?

Hjá þessum áhugamannahópi um breytingar á lögum nr. 61/2006 virðist enginn munur gerður á Veiðifélagi og deild innan veiðifélags. Þetta virðist hafa afvegaleitt jafnvel héraðsdómara, eins og sést greinilega í dóminum S-521/2010 yfir landeigendum, undirrituðum, Bergstaða, þar sem dómariinn vitnar í 7. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 um stofnun veiðifélaga og yfirfærir það á deildir. Jafnframt úrskurðar dómariinn að það sé í lagi að svipta landeigendur veiðiréttindum til tíu ára, án þess að það sé tekið fyrir árlega á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga, eins og áskilið er í samþykktum félagsins. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að refsivert er að brjóta gegn samþykktum veiðifélaga.

Dómariinn tilgreinir einnig að það sé ekki verið að ganga á eignarétt veiðiréttarhafa, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt ákvæðum um arðskrá.

Staðreyndin er hins vegar sú að Veiðifélag Árnesinga hefur aldrei greitt út arð samkvæmt arðskrá, a.m.k. ekki í áratugi.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/2006 ber lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu að hafa með höndum framkvæmd stjórnslu og eftirlit samkvæmt lögum þessum, en virðist í þess stað hafa aðstoðað við og jafnvel stuðlað að því að farið sé á svig við lögin með margvíslegum hætti.

Við sem eigum jörðina Bergstaði í Bláskógabyggð höfðum strax ýmislegt við þetta að athuga enda var byrjað að selja veiðileyfi fyrir okkar landi árið 2004 án þess að við hefðum nokkurn tíma gefið grænt ljós fyrir veiðum ótengdra fyrir okkar landi.

Heldur þessi dæla (þjófnaður) áfram allt þar til, að Árið 2009 var haldinn stofnfundur

Tungufljótsdeildar. „Stofnun“ deildarinnar var kærð til Fiskistofu, sem úrskurðaði í ársbyrjun 2010 að deildin teljist réttilega „stofnuð“. Samt sem áður höfðum við hjónin veiðina árið 2010 og því er kæra á hendur okkur algerlega úr lausu lofti. Gildir sem sagt 11. liður fundargerðar VÁ hér að ofan.

Úrskurði Fiskistofu var mótmælt en allt kom fyrir ekki. Og farið í kringum lögin og þar með hina umdeildu, en að okkar mati, alveg skýru lagagrein nr. 39 og þá sérstaklega eftirfarandi klausu:

**Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.**

Bendum sérstaklega á , að ljóst er að deildir verða aldrei stofnaðar enda er hvergi í lögum né reglugerðum talað um að stofna deild eða að þær séu stofnaðar.

Er því komið að því að úrskurður Fiskistofu er beinlínis rangur svo og dómur Héraðsdóms Suðurlands S521/2010. Þar sem þann 10. júní 2011 eru landeigendur sakfelldir í Héraðsdómi Suðurlands fyrir veiðipjófnað „fyrir eigin landi“ og dæmdir til fésektu.

Það sýnist okkur nokkuð ljóst, ef 2.gr. verði samþykkt mun farið úr ösku í eldinn,og dellan aukast,en frumvarpsdrög þessi miða að því að reyna að réttlæta ólögmætar gjörðir, sem viðgengist hafa í mörg undagengin ár í stað þess að reyna að skilja gildandi lög og fara eftir þeim.

Það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir svona breytingar á lögum. Menn virðast enn vera að ruglast á deild og félagi og skilja ekki sögnina að skulu (núþáleg sögn ein af ellefu) né nafnorðið deild sem er samstofna sögninni að deila, (deila niður skipta).

Hér má benda á að formaður starfshóps um breytingar á lögum nr.61/2006 Óðinn Sigbórsson hefur tjáð okkur að hann hafi selt Veiðifélagi Ytri-Rangár hlutafé Seiðaeldisstöðvarinnar Laxeyrar ehf. með kaupsamningi árið 2002. Veiðifélag Ytri-Rangár, er sennilega deild innan Veiðifélags Rangæinga. Er undarlegt að hún skuli standa í fjárfestingum sem þessum,þar sem ábyrgð innan Veiðifélaga er sjálfskuldaábyrgð. Hvað gera veiðiréttarhafar innan slíkra deilda eða Veiðifélags ef fyrirtækið færi stóra kollsteypu? Veiðifélag Ytri-Rangár selur síðar meir Lax-á eða Árna Baldurssyni helmingshlut í stöðvunum og má gera ráð fyrir því að þær seiðasleppingar sem fram hafa farið í Tungufljót séu þaðan komnar, en ekki úr klakhúsi Veiðifélags Árnesinga.

Ekki **var** og nokkur vafi að Árni Ísaksson dró mjög taum Lax-ár og Tungufljótsdeildar enda hafði stofnun, sem hann er í forsvari fyrir úrskurðað ranglega að deildin væri löglega tilorðin.Þegar þetta er skoðað teljum við alveg einboðið að fulltrúi Fiskistofu séu vanhæfur til að setja saman einhverjar lagabreytingar í þessum málaflokki.

[www.tungufljot.is](http://www.tungufljot.is)

Ása Einarsdóttir kt.110650-5589

Ólafur J Bjarnason kt.090447-6379